



Bæjarstjórinn í Hafnarfirði
Haraldur L. Haraldsson
Strandgötu 8-10
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði 7. maí, 2015

Efni: Könnun og ábending v. erindis GK um Hvaleyrarhluta golfvallar Keilis.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Keilis viljum við kanna stöðu mála í kjölfar erindis frá okkur sem kynnt var í bæjarráði, umhverfis- og framkvæmdaráði og íþrótt- og tómstundanefnd fyrir á þessu ári vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Hvaleyrarhluta golfvallar Keilis til ársins 2020.

Við viljum með erindi þessu leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að framkvæmdir við fyrsta áfanga geti hafist á þessu ári því eins og áður hefur komið fram heldur Golfklúbburinn Keilir Íslandsmótið í golfi árið 2017.

Er í því sambandi rétt að benda á að til að grasið á umræddum hluta vallarins verði tilbúið fyrir þann tíma þarf ræktun þess að hefjast í það minnsta 18 mánuðum fyrir - s.s. árið 2015.

Við lýsum okkur reiðubúna til frekari viðræðna og veitum að sjálfsögðu allar frekari upplýsingar ef þurfa þykir.

Virðingarfyllst f.h Golfklúbbsins Keilis,

Arnar Borgar Atlason, form.

Ólafur Þór Ágústsson, frkvstj.

Afrit sent:

Formaður bæjarráðs

Formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs

Formaður íþótta- og tómstundanefndar

Formaður Íþóttabandalags Hafnarfjarðar

Íþóttafulltrúinn í Hafnarfirði